15. OKTÓBER 2019

5. tölublað – 2. árgangur

IÐNAÐARBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ

Tveir smiðir á Hvammstanga:

-framleiddu m.a. rennihurðir fyrir Reykjavíkurborg

Tveir smiðir er trésmíðafyrirtæki sem starfar á Hvammstanga og sérhæfir sig í alls kyns trésmíðavinnu. Töluverð verkefni falla yfirleitt til í heimabyggð og á Norðurlandi en einnig koma verkefni frá t.d. höfuðborgarsvæðinu.

Í vor var m.a. verið að smíða rennihurðir fyrir Reykjavíkurborg sem fóru í bað-, sjósunds- og sólbaðsaðstöðuna í Nauthólsvík. Starfsmenn segja það alls ekki undantekning að verkefni berist að sunnan, stundum ekki beint frá kaupandanum heldur einnig frá arkitektum og fleirum sem hafa milligöngu um ýmis verkefni, ekki síst fyrir opinbera aðila eða stofnanir.

Ráðrík

Valka þróar vinnslukerfi

MS í Búðardal

Járnabakkar
Járnabindingavörur

Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LEIÐARI

Sívaxandi munur á dreifikostnaði raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis er vandamál

Iðnaðarráðherra telur nýsköpunarstefna fyrir Ísland væri eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar, vegna þess að aukin nýsköpun sé forsenda áframhaldandi verðmætasköpunar og velsældar. Nýsköpun væru ekki val heldur nauðsyn. Iðnaður leikur auðvitað eitt af aðalhlutverkunum í sögu okkar samfélags og er órjúfanlegur hluti af henni. Og hlutur iðnaðar má að ósekju verða stærri hluti okkar sjálfsmyndar. Þegar horft er til baka yfir nokkrar síðustu aldir í sögu okkar sjáum við fyrir okkur bændur, sjómenn og skáld. Þetta var kjarninn í Íslandi fyrri alda. Saga okkar í dag er hins vegar saga handverks, iðnaðar, orkuframkvæmda og hitaveituvæðingar, mannvirkjagerðar, áframvinnslu afurða, sköpunargleði í matargerð, vöruþróun, arkitektúr, fatahönnun, forritun og fleiru, hönnunar á ótal sviðum – og sífellt framsæknari nýtingar hugvits í vísindum og tækni.

Fjórða iðnbyltingin mun vekja enn fleiri og áleitnari spurningar um það hvort leiðarljós okkar Íslendinga í dag, hin klassíska frjálslyndisstefna, hafi ennþá svörin og geti tryggt okkur áframhaldandi bætt lífskjör, kynslóð fram af kynslóð. Meira en fjórða hvert starf á íslenskum vinnumarkaði telst mjög líklegt til að verða sjálfvirknivætt á næstu 15 árum, sem hefði bein áhrif á um 50 þúsund manns. Að sjálfsögðu verða líka til ný störf, en líklegt er að stór hluti þeirra muni krefjast sérþekkingar sem óvíst er að þetta fólk muni hafa tækifæri til að tileinka sér.

Á ársfundi Samorku sagði iðnaðarráðherra að stærsti gallinn við raforkumarkað okkar í dag er hinn mikli og sívaxandi munur á dreifikostnaði raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þetta sé þýðingarmikið því að dreifikostnaðurinn er stærsti einstaki liðurinn á raforkureikningi hins almenna notanda. Hinn mikli munur á milli dreifbýlis og þéttbýlis er ekki ásættanlegur og gengur gegn almennt viðurkenndum meginreglum okkar samfélags um þokkalega jafnt aðgengi að innviðum á borð við samgöngur, fjarskipti og fleira. Þessu þarf nauðsynlega að breyta. Það er ánægljulegt að verið er að sækja fram í vegaframkvæmdum og ljúka ljósleiðaratengingu nánast alls landsins, verið er að styrkja heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið um milljarða á milljarða ofan, og verið er að móta heilstæða menntastefnu. Það er vonandi að þessi framtíðarsýn gangi eftir samkvæmt áætlun. Eftir dimma tíð eftir efnhagshrunið fyrir rúmum áratug.

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

Hitaveitu & gasskápar
fyrir sumarbústaði og heimili
Gæði • Þjónusta • Öryggi
Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.

Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!
VIK BLIKKSMIÐJA
Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Fánasmiðjan
Fánar, fánastangir og aukahlutir
Nú er rétti tíminn til að koma fánamálunum í gott stand.

s:5772020

„Þurfum að fá til okkar meira þróunarfé"

segir Oddur M. Gunnarsson forstjóri MATÍS

Stundum er fyrirtækjunum MATÍS og MAST ruglað saman þótt starfsemin sé afar ólík. MATÍS er þekkingar- og vísindasamfélag sem byggir á sterkum rannsóknarinnviðum og samstarfi með það að hámarka áhrif fjárfestinga í rannsóknum og nýsköpun. Fyrirtækið styður viðskiptavini til aukinnar verðmætasköpunar, matvælaöryggis og lýðheilsu. MAST er hins vegar matvælastofnun, hefur m.a. eftirlit með að gæðakröfum í framleiðslu sé framfylgt og umhirða og meðferð húsdýra almennt sé samkvæmt lögum.

Oddur M. Gunnarsson, starfandi forstjóri, var spurður hvort almenningur vissi almennt fyrir hvað MATÍS stendur?

„Ég vona að við séum þekkt af þeim góðu hlutum sem við erum að gera en okkur er óneitanlega oft ruglað saman við MAST þótt starfsemin sé gjörólík. Hér eru stundaðar rannsóknir á sviði matvælavinnslu, erfða- og líftækni og matvælaöryggis en í matvælalöggjöfinni er okkar nafn ekki nefnt. en það er stöðugt erfiðara í ljósi þess að við erum að fá sama fjárframlag frá ríkinu og við fengum árið 2008, en við höfum vaxið í veltu úr 800 milljónum króna árið 2008 í tæpar 1.700 milljónir króna á árinu 2018 svo hlutur ríkisins í þeirri upphæð er stöðugt minni. en við erum bæði með verkefni hér til skamms tíma og lengri tíma sem eru þá fjármögnuð að mestu af þeim fyrirtækjum sem eftir því leita."

Samstarf við háskóla

„Við erum í samstarfi við Háskóla Íslands en hingað koma nemendur í ýmsum matvælagreinum, verkfræði, líffræði, umhverfisfræði og fleirum og vinna með okkur og margir þeirra staldra við hjá okkur eftir námið og halda síðan áfram út í atvinnulífið. Hingað koma því nemendur sem hafa lokið meistaranámi í matvælafræðum og þannig náum við að tengja vel saman vísindastarfsemina hér og atvinnulífið í landinu. Hér starfa vísindamenn sem búa að mikilli þekkingu og frá okkur fá háskólarnir kennara, bæði í Reykjavík og Akureyri. Þannig náum við að tengja vel saman akademíuna og fyrirtækin í matvælaframleiðslu."

Stór hluti starfseminnar tengist rannsóknum á sjávarafurðum alls konar. En er það ekki talsvert meira en það?

„Við erum með umtalsverðar rannsóknir tengdar landbúnaði og fyrirtækjum í landbúnaði en vissulega eru meiri umsvif í dag í sjávarútvegi en landbúnaði. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru mjög góðar og framleiðni mjög góð. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru mjög góðar en það er t.d. dýrt að framleiða lambakjöt og við þurfum því að laga það. Við erum að selja okkar tækniþekkingu bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar erlendis og stöndum þar vel en það er verið að saxa á það forskot okkar, t.d. af hálfu Norðmanna, Rússa og Kínverja og til að laga þá stöðu þurfum við að fá til okkar meira þróunarfé. Vegna þessa fjársveltis erum við ekki jafnvel í stakk búin til að vinna með útveginum eins og áður var."

-Þurfa íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi og landbúnaði stöðugt minna að njóta ykkar þjónustu vegna þess að tækniþekking þeirra eykst, ekki síst vegna ykkar rannsókna?

„Nei. Mér finnst þekking okkar nýtast öllum og það er eðlilegt að fyrirtækin séu hluti af því með að fjármagna þá starfsemi, en mjög oft fáum við ný verkefni eða að þau eru sköpuð hér. Makríllinn var t.d. alveg óvinnandi þegar hann fór að veiðast hér við land og var að fita sig, en hann varð bara að hreinni drullu. Okkur tókst að finna ferla sem leystu þetta vandamál, bæði af okkar starfsmönnum, háskólanemendum sem störfuðu hér og svo auðvitað sjávarútvegsfyrirtækjunum sjálfum, bæði hvað varðar landvinnsluna og þá þróun sem á sér stað á vinnslulínum fiskiskipanna," segir Oddur G. Gunnarsson.

Á rannsóknarstofu MATÍS í höfuðstöðvunum að Vínlandsleið í Grafarholti í Reykjavík.

Oddur M. Gunnarsson.

Almenningssamgöngur á Suðurlandi eru liður í byggðaþróun

Mikill og almennur áhugi er á Suðurlandi að bæta verulega almenningssamgöngur, ekki bara milli Hveragerðis og Selfoss með tvíbreiðum vegi og/eða 2-1 vegi ,sem nú er unnið að, en þarna hafa orðið mörg alvarleg umferðarslys gegnum tíðina. Markmiðið með því að hafa samgöngur inni í sóknaráætlun Suðurlands og tengja þær byggðaþróun er að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna á Suðurlandi og viðhalda skipulagðri akstursþjónustu í landshlutanum.

Stutt verði við leiðir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna út frá byggðalegum sjónarmiðum og stutt við skólaakstur úr dreifbýli í þéttbýli og til höfuðborgarsvæðisins. Einnig verði hugað að nýtingu vistvænna orkugjafa.

Verkefnið tengist beint eftirfarandi megin áherslum Sóknaráætlunar Suðurlands:

Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum

Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika

Vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum

Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun.

Holóttur vegur í uppsveitum Árnessýslu. Því miður ekkert einsdæmi. Til að forðast mestu þvottabrettin er ekið vinstra megin þótt framundan sé hæð svo ekki sést hvort umferð kemur á móti!

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.

SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

VALKA ÞRÓAR VINNSLUKERFI FYRIR ELDISLAX

Hátæknifyrirtækið Valka í Kópavogi hefur mikla reynslu af að þróa og framleiða vinnslukerfi fyrir hvítfisk. Nú er fyrirtækið að flytja þessa tækni inn í eldislaxinn með nýrri vél sem styttir vinnslutíma og eykur afköstin.

Nýja kerfið er fyrsta skref þessa íslenska hátæknifyrirtækis út fyrir hvítfiskvinnsluna og er sérstaklega hannað til þess að fjarlægja beingarð úr laxaflökum. Notuð er röntgentækni til að gera nákvæma myndgreiningu í þrívídd, sem gerir mögulegt að staðsetja beinin og vatnskurðarvélin getur síðan með hallastillingum skorið og skammtað bitana til að ná hámarksárangri og fylgt þar nákvæmum útlínum beggja vegna beingarðsins.

Lykilþáttur í þessu kerfi er að það getur unnið laxinn fyrir dauðastirðnun og þar með dregið úr þörf fyrir geymslurými, ásamt því að lengja geymslulíf fisksins þar sem hægt er að fjarlægja beingarðinn strax eftir flökun. Aukinn sveigjanleiki vatnskurðarvélanna gerir mönnum einnig kleift að framleiða nýjar skammtagerðir.

Laxaskömmtunarkerfið kynnt á Icefish 2020

„Við erum spennt fyrir þeim möguleikum sem þetta opnar eftir að Valka kynnti laxaskömmtunarvélina og þegar við mætum á IceFish á næsta ári til að sýna búnaðinn þá reiknum við með að hafa verið með hann í notkun í nokkurn tíma," sagði Ágúst Sigurðarson, markaðsstjóri Völku.

„Við hlökkum til þess að halda innreið okkar í laxavinnslugeirann – og við munum sýna laxaskömmtunarkerfið á IceFish, rétt eins og við höfum gert þar með hvítfiskbúnaðinn okkar á fyrri sýningum. Þannig að við vonumst til þess að þetta veki athygli erlendra laxvinnslufyrirtækja á sýningunni."

IÐNAÐARUPPBYGGING Á NORÐURLANDI VESTA

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar og nýsköpunarráðherra og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hafa undirritað viðauka við þjónustusamning um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur Húnavatnssýslu. Með viðaukanum veitir ráðuneytið SSNV 21 milljón króna í tímabundinn styrk til greiningar á iðnaðarkostum sem gætu hentað Norðurlandi vestra, gerð kynningarefnis og beinnar kynningar fyrir fjárfestum. Markmið þessa samnings er að fjölga fyrirtækjum og störfum á Norðurlandi vestra.

Atvinnuuppbygging gegn fólksfækkun

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu. Byggir starfið á þingsályktunartillögu frá 2013 um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar. Tilgangurinn er að skapa þann fjölda starfa sem nauðsynlegur er til að stöðva varanlega fólksfækkun í Austur-Húnavatnssýslu. Markmiðið með átakinu var einnig að efla samkeppnishæfni svæðisins og vinna að markaðssetningu þess, svo sem fyrir gagnaver.

Árið 2016 gerðu ráðuneytið og SSNV þjónustusamning um greiningu á möguleikum á uppbygging nýrrar iðnaðarstarfsemi á svæðinu. Tók samningurinn mið af mikilvægi þess að efla fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu sem nýti eftir kostum fyrirliggjandi innviði. Horft var til þess að bæði gæti verið um að ræða uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stærri iðnaðarstarfsemi.

Verkefninu var skipt í tvo hluta. Í fyrsta áfanga var dregin upp heilstæð mynd af aðstæðum til uppbyggingar nýrrar iðnaðarstarfsemi sem telst fullnægjandi til að vekja áhuga og svara spurningum þeirra sem eru líklegir til að fjárfesta í atvinnustarfsemi á svæðinu. Þessum þætti lauk í febrúar 2018 með útgáfu skýrslu Mannvits þar sem m.a. var farið yfir stöðu innviða og skipulagsmála, upplýsingar um iðnaðarlóðir, orkuvinnslugetu svæðisins, auðlindir þess og greiningu á tækifærum. Framtakið stuðlaði m.a. að uppbyggingu gagnavera á Blönduósi.

Samningur til liðlega tveggja ára

Seinni hluti verkefnisins, sá sem hér er samið um, snýst um að leggja mat á það hversu raunhæfar aðrar hugmyndir í skýrslu Mannvits eru út frá m.a. alþjóðlegri tækni- og viðskiptaþróun. Einnig á að gera viðskiptaáætlun og markaðsgreiningu fyrir þau verkefni sem talin eru raunhæf og fara í beina markaðssetningu á þeim verkefnum sem metin eru raunhæfust. Viðaukasamningurinn gildir til loka janúar 2022.

Iðnaðarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, undirrita samninginn.

FORMBÓLSTRUN BÝÐUR UPP Á VIÐGERÐIR Á ANTIKHÚSGÖGNUM, BÍL- MÓTORHJÓLA- OG VÉLSLEÐASÆTUM

Hafsteinn Sigurbjarnarson hefur starfað og rekið bólstrun frá því hann útskrifaðist 1974 sem húsgagnabólstrari og er aðaleigandi Formbólstrunar að Hamraborg 5 í Kópavogi þar sem fyrirtækið hefur starfað sl. 10 ár. Hjá Formbólstrun er gert við húsgögn, ekki síst antikhúsgögn, og hefur auk þess í þjónustu sinni verktaka í tréverki húsgagna og grind og býður því upp á mjög alhliða þjónustu við húsgnaviðgerðir, einnig skrifstofustólaviðgerðir. Hjá Formbólstrun er einnig boðið upp á að gera við og klæða allar gerðir af bílsætum, mótorhjólasætum og vélsleðasætum og búið er að langri reynslu af viðgerðum. Sjá má video á heimasíðu Formbólstrunar, www.hsbolstrun.is, til frekari glöggvunar og einnig að fyrirtækið tekur að sér alls konar saumaskap og er með góða verktaka í fatasaumi, gardínum og raunar alls konar viðgerðir ótiltekið.

,, Þegar um er að ræða viðgerðir á gömlum húsgögnum skiptir góð undirvinna höfuðmáli varðandi endingu og gæði. Það er því höfuðatriði að leita ávallt til fagmanna þegar gera á upp gömul húsgögn. Við tökum 20 ára ábyrgð á undirstoppi þegar við gerum upp frá grunni, sækjum og sendum sé þess óskað," segir Hafsteinn Sigurbjarnarson.

Hvernig á góður bílstóll að vera?

,,Góður bílstjórastóll þarf að veita þægilegan stuðning við mjóbakið og formaður vel út til hliðanna, einnig að geta velt setunni svo hægt sé að breyta afstöðunni milli lærleggja og hryggjar til að létta bæði á fótum og hrygg. Lélegt og illa bælt bílsæti getur orsakað mikla vanlíðan í baki, herðum og mjöðmum, og gæti hreinlega valdið varanlegri skemmd á likamanum. Góður bílstjórastóll er jafn mikilvægur og góð rúmdýna fyrir líkamann. Lélegt bílsæti Algengt er að svampur sé settur beint á grindina ,og þá skerst grindin upp í svampinn og áklæðið fer að slakna og koma brot og brotið rifnar fljótt. Því oftar sem farið er inn og út úr bílnum fer þetta fyrr.

Ekki er óalgengt að komið sé með eins árs gömul bílsæti til viðgerðar en það eru oftast bílar sem eru tölvert keyrðir, í flestum tilfellum atvinnubílar. Með því að koma með þetta tímalega í viðgerð eða um leið og efnið fer að slakna er þetta tiltölulega lítið mál. Við setjum sterkan dúk milli svamp og gindar svo að grind skerist ekki upp í svampinn, það er mikilvægt. Við höfum þjónað mörgum atvinnubílstjórum og nokkrum bílaumboðum um maargra ára bil. Við veitum atvinnubilstjórum algjöran forgang, en panta þarf tíma hjá okkur ef ökutækið má ekki stoppa lengi. Þá förum við strax í viðgerðina þegar það hentar viðkomandi best að missa ökutækið úr rekstri," segir Hafsteinn Sigurbjarnarson.

LOPI

Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.

Íslensk ull
Gæðamerki

MS BÚÐARDAL FRAMLEIÐIR ALLAN MYGLUOST HÉRLENDIS

MS Búðardal tekur á móti mjólk frá bændum í Dalasýslu og á Vestfjörðum, þ.e. Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum). Mjólkurbúið tekur á móti um 5,8 milljónir lítra á ári en heildarmjólkurmagið á landinu á síðasta ári var 151 milljón lítra og er MS Búðardal minnsta búið í innviktuðu magni.

Tækjabúnaður til desertosta- og mygluostagerðar hjá MS Búðardal hefur verið endurhannaður og sérhæfður fyrir slíka framleiðslu með meiri afköstum og gæðum. Þar eru nú allir mygluostar landsins framleiddir. Einnig sérostar, s.s. Cheddar, Havarti, Ljótur og Fetaostur. Þar fer einnig fram framleiðsla á LGG+ og Benecol. MS Búðardal uppfyllir ýtrustu gæðakröfur í framleiðslu og þar er starfrækt rannsóknarstofa. Framleiðsluvörur stöðvarinnar hafa hlotið ótal viðurkenningar, innanlands og erlendis. Starfsmannafjöldi er alls 24 talsins og því nokkuð stór vinnustaður í Dölunum en á Ísafirði eru tveir starfsmenn sem sjá um að safna saman mjólk og einnig að dreifa framleiðsluvöru MS á Vestfjörðum frá Reykjavík og fara flutningarnir fram á kvöldin og eru vörurnar tilbúnar til dreifingar snemma næsta morguns.

Rekstrarstjóri MS Búðardal er Lúðvík A. Hermannsson og hefur verið það síðan 2011. Hann segir að á Búðardal sé töluverð handavinnuframleiðsla, t.d. í mygluostum en á MS Búðardal er eina mjólkurbúið sem framleiðir mygluosta og fetaost, en sá vinsælasti fetaostanna í dag er sá blái. Söluhæsti osturinn sem framleiddur er í Búðardal er Camenbert-ostur en hann hefur verið í framleiðslu síðan 1964.

Alltaf vakandi fyrir framleiðslu á nýrri tegund osta

„Við framleiðum ýmistlegt annað, s.s. Cheddar-ost en vinsældir hans aukast ár frá ári. Nefna má piparost fyrir veitingahús og gráðost sem alltaf heldur sínum vinsældum. Þra matar Á ári er framleiðslan í rifnum ostum að nálgast 100 tonn, sem aðallega ferí pitsur og aðra matarger. Á landinu fer um 60% af mjólkinni í osta, duft og smjör en um 40% í ferskvöruna. Við erum allaf vakandi fyrir því að framleiða eitthvað nýtt fyrir markaðinn, erum núna t.d. með tvær gerðir af ostum en eru alls ekki komnir á markað, en svo er alltaf spurning hvað nær í gegn og nýtur vinsælda. Það er auðvitað svolítið happdrætti," segir Lúðvík.

Osturinn Ljótur hefur orðið vinsæll, en ætla mætti að nafnið hefði kannski fælt viðskiptavini frá. Hver var kveikjan að þessu nafni?

„Við vorum ekki kát með þetta nafn í upphafi, en nafnið var valið í Reykjavík í sölu- og markaðsdeild. Í undirbúningnum nefndum við hann hér Hrapp en hann fór aldrei á markað undir því nafni. Í dag er ég alveg sáttur við Ljóts-nafnið. Þessi ostur á nokkuð fastan viðskiptahóp. Ekki má gleyma því að ostur og smjör er mjög fín, holl og hrein vara. Við tökum mjólkina hér inn, gerilsneyðum hana og tökum stundum úr henni fitu og bætum svo við ákveðna ræktaða súrmjólkurgerla og salt, engin rotvarnarefni."

Vinsældir Camenbert-ostsins dvína ekkert, þvert á móti.

Lúðvík A. Hermannsson rekstrarstjóri MS í Búðardal.

Ljótur gataður og síðan pakkaður í vinnslusalnum.

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

Hjá Merkingu færð þú vönduð og falleg skýli sem henta íslenskum aðstæðum. Merking.is

merking

Viðarhöfða 4, 110 Reykjavík • merking.is • 562 7044

ALLT HEFST MEÐ

NESCAFÉ®

RÁÐRÍK RÁÐGJAFAFYRIRTÆKI:

STOFNENDUR BÆÐI RÁÐRÍKIR OG RÍKIR AÐ RÁÐUM

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Inga Jónasdóttir stofnuðu árið 2015 ráðgjafafyrirtækið „RÁÐRÍK" sem leggur öðru fremur áherslu á þekkingu, reynslu og fagmennsku. Eigendur hafa langa og margvíslega reynslu af sveitarstjórnarstörfum og af vinnu með þeim stofnunum og fyrirtækjum sem starfa á vegum sveitarfélaganna í landinu. Eyrún Ingibjörg segir að þær stöllur telji sér því kleift að bjóða m.a. ráðgjöf/vinnu á sviði úttektar og stefnumótunar vegna fræðslumála, fjölmenningar, félagsmála, hafnarmála, fjarskipta og íþrótta- og æskulýðsmála. Einnig fjármála sveitarfélaga og/eða einstakra stofnana á þeirra vegum sem og endurskipulagningar stjórnkerfa. Ráðgjöfin geti verið bæði fagleg og fjárhagsleg.

„Við bjóðum m.a. upp á ýmis konar námskeið sem tengjast sveitarfélögunum, gerð húsnæðisáætlana fyrir sveitarfélög, aðstoð við uppbyggingu á ferðamannastöðum, úttekt á fjárhag sveitarfélaga m.a. vegna fjárfrekra framkvæmda, vinnu við könnun, aðdraganda og undirbúning sameiningar sveitarfélaga, mat á grunnskólastarfi, hvernig tekist er á við fjölmenningu í sveitarfélögum og við getum leyst af sveitar- og bæjarstjóra til skemmri tíma,"segir Eyrún Ingibjörg.

En hver voru tildrög að stofnun fyrirtækisins?

„Við höfum allar starfað að sveitarstjórnarmálum, og við Guðný í stjórn Hafnasambands Íslands og Svanfríður í varastjórn og haustið 2014 erum við allar að hætta í stjórn Hafnasambandsins og allar að hætta sem sveitarstjórar. Guðný var búinn að vera sveitarstjóri í 27 ár, og við Svanfríður báðar í 8 ár auk þess sem Svanfríður hafði verið alþingismaður," segir Eyrún Ingibjörg.

„Þetta var auðvitað mikil reynsla sem ekki mátti fara forgörðum svo við ákváðum að stofna þetta fyrirtæki. Við hittumst í sumarfbústað fyrir norðan til að kanna hvort þetta væri raunhæfur möguleiki , hvar okkar reynsla og þekking reyndist best og hvar í atvinnulífinu við gætum sameiginlega gert best gagn. Okkar tengslanet var því nokkuð öflugt, bæði á sviði sveitarstjórnarmála og landsmála. Ég tel það mikinn kost að við höfum allar rekið sveitarfélög og þekkjum við nokkuð vel hvað íbúar sveitarfélaga vilja, og hvar skóinn kreppir þegar svo ber við. Mannleg samskipti eru þar mikilvæg."

Stefnan tekin í sumarbústað í jólamánuðinum

Fannst ykkur þetta nafn, Ráðrík, vera markaðsvænast?

„Já, auk þess sem þessu nafni fylgir svolítill húmor. Við þrjár erum ráðríkar og eins teljum við okkur vera ríkar að ráðum. Undirtektirnar voru mjög góðar strax í upphafi og við fundum að okkar viðmælendur kunnu vel að meta nafnið. Við höfum fengðið ýmiss verkefni, t.d. í tengslum við fjármál sveitarfélaga, skólamál og samvinnu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu hvað varðar hugsanlega sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Sumir hugsa ennþá lengra og sjá fyrir sér sameiningu allrar Húnavatnssýslu. Það ferli er komið vel á stað. Fólk hefur gott af því að ræða svona samvinnumál, ekki bara sveitarstjórnarfólk, og kynnast skoðunum íbúa nágrannasveitarfélaganna, hvort sem það leiðir til sameiningar sveitarfélaganna eða ekki. Það er aldrei tapaður tími. Einnig hefur samvinna framhaldsskóla komið inn á okkar borð en menntamálaráðuneytið hefur verið með slík mál á sinni könnu."

Stærð sveitarfélaga

Sigurður Ingi Jóhannsson sveitastjórnarráðherra, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um að lágarksföldi íbúa í sveitarfélögum verði 200 árið 2022 og 1.000 árið 2026. Gerist það ekki samkvæmt ákvörðun meirihluta íbúa verður það þá ger með valdboði?

„Ég er sammála því að sveitarfélög verði að ná ákveðinni sjálfbærni. Það er erfitt að ákveða einhverja íbúatölu í því sambandi en það verður að ákveða einhver viðmið. Sumir telja að sveitarfélögin verða alfarið að sjá um sín verkefni, gerist það ekki eða þau þess ekki umkomin, verði þau að sameinast öðru eða öðrum sveitarfélögum. Skýrsla hefur verið gefin út um þetta mál á vegumsamgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, byggð á máefnalegum grunni, þar er lagt til að sveitarfélög verði að sinn a.m.k. 2/3 hluta verkefna í A-hluta til að geta verið sjálfstæð Sameining verður fyrst og fremst að byggjast á því að bæta þjónustu við íbúana, þótt hagræðing í stjórnsýslu geti einnig verið góð og hún gerð gagnsærri," segir Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Þær Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Inga Jónasdóttir á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

KRISTÍN LINDA ÁRNADÓTTIR RÁÐIN AÐSTOÐARFORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR

Kristín Linda Árnadóttir hefur verið ráðin aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar. Hún hefur verið forstjóri Umhverfisstofnunar frá árinu 2008. Þar áður gegndi hún starfi sviðsstjóra lögfræði- og stjórnsýslusviðs stofnunarinnar og var staðgengill forstjóra. Hún starfaði sem lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu á skrifstofu laga og upplýsingamála frá 1998 til 2007.

Kristín Linda hefur tekið þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi á vettvangi umhverfismála. Meðal annars sem fulltrúi Íslands í evrópsku neti ábyrgðaraðila á innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins, evrópsku neti forstjóra evrópskra umhverfisstofnana, fulltrúi Íslands í stýrihópi um norræna umhverfismerkið Svaninn og stýrir nú vinnuhópi í Norðurskautsráðinu sem vinnur að því að draga úr losun sóts og metans (EGBMC) á norðurslóðum.

Þeistareykjavirkjun hlaut gullverðlaun IPMA

Þeistareykjavirkjun, jarðvarmavirkjun Landsvirkjunar á Norðausturlandi, hefur hlotið gullverðlaun Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga – IPMA Global Project Excellence Award. Verðlaunin eru stærstu verðlaun sem veitt eru í fagi verkefnastjórnunar á heimsvísu. Meginstef verðlaunanna í ár var sjálfbærni.

Þeistareykjavirkjun hlaut verðlaunin í flokknum „Large-Sized Projects" – stór verkefni en þemað var sjálfbærni.Úrskurður dómnefndar tilgreinir sem helstu styrkleika verkefnisins framúrskarandi samskipti við hagsmunaaðila á undirbúnings- og framkvæmdastigi og samhentan verkefnishóp með áherslur á öryggis- og umhverfismál, í anda stefnu Landsvirkjunar um ábyrga nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi.

„Verðlaunin eru mikill heiður fyrir Landsvirkjun og alla þá sem komu nærri Þeistareykjaverkefninu; starfsfólk, ráðgjafa og verktaka, ekki síst í ljósi þess að þema verðlaunanna í ár var sjálfbærni," segir Hörður Árnason, forstjóri Landsvirkjunar.

„Það er ánægjulegt að viðleitni okkar til þess að vanda til verka og ganga um náttúruauðlindirnar á sjálfbæran hátt skuli vekja athygli á alþjóðavettvangi, enda er sjálfbær nýting auðlinda eitt mikilvægasta hagsmunamál okkar allra um þessar mundir."

Þeistareykjastöð er fyrsta jarðvarmastöðin sem Landsvirkjun hefur byggt frá grunni en hún samanstendur af tveimur 45 MW vélasamstæðum og er því alls 90 MW. Frá upphafi hönnunar og undirbúnings að uppbyggingu stöðvarinnar var meginmarkmiðið að reisa hagkvæma og áreiðanlega aflstöð sem tekur mið af umhverfi sínu og náttúru. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og er virkni búnaðar umfram væntingar.

Rannsóknir á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum teygja sig áratugi aftur í tímann.

Þeistareykjavirkjun.

STYRKJA Á RAMMA UM SIÐFERÐILEGAR HLIÐAR VÍSINDARANNSÓKNA

Frumvarp forsætisráðherra um vandaða starfshætti í vísindum hefur verið samþykkt á Alþingi. Lögunum er ætlað að stuðla að því að rannsóknir fari fram í samræmi við siðferðisviðmið og auka þannig trúverðugleika vísindastarfs og rannsókna í samfélaginu.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra segir það hafi lengi verið til umræðu á vettvangi vísinda- og tækniráðs og í vísindasamfélaginu hér á landi að efla þurfi vitund um siðfræði rannsókna og styrkja ramma um siðferðilegar hliðar vísindarannsókna. Með þessu frumvarpi skipi Íslendingar sér í hóp með öðrum Norðurlandaþjóðum sem sett hafa lög um heilindi í vísindum.

Forsætisráðherra mun skipa óháða nefnd um vandaða starfshætti í vísindum til fjögurra ára í senn og skal nefndin vera til ráðgjafar og stuðla að fræðslu um efnið auk þess að fjalla um mál sem til hennar er vísað eða hún tekur upp að eigin frumkvæði.

Forsætisráðherra, sem er formaður vísinda- og tækniráðs, ákvað í júní 2018 að skipa starfshóp til að undirbúa lagaumgjörð um heilindi í vísindum en Vilhjálmur Árnason, prófessor, var formaður hópsins. Við gerð frumvarpsins var sérstaklega horft til löggjafar annars staðar á Norðurlöndum en þar eru nefndir sem hafa það hlutverk að beita sér fyrir því að upplýsa fólk og veita ráðgjöf um vandaða starfshætti í vísindum. Einnig hafa slíkar nefndir úrræði á grundvelli laga eða stjórnvaldsfyrirmæla til að leysa úr málum þegar upp koma grunsemdir um óvandaða starfshætti í rannsóknum, svo sem uppspuna, falsanir og ritstuld. Með slíkri fræðslu og úrræðum er leitast við að efla vandaða starfshætti í vísindasamfélaginu og traust almennings á vísindum og rannsóknum.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Með þverun Berufjarðar er hringvegurinn loks allur malbikaður

Með opnun vegar yfir Skeiðarársand árið 1974 hefur þess verið beðið að þjóðvegur-1, hringvegurinn yrði allur með bundnu slitlagi. Það tók heil 45 en þegar þverun Berufjarðar varð að veruleika í haust með brúargerð rættist loks sá draumur.

Næsta átak verður að fækka einbreiðum brúm á hingveginum, en þær eru enn 36 að tölu, hvorki meira né minna. Umferðaröryggi krefst þess að hraðað verði þeim framkvæmdum sem mest má vera.

Vegagmálastjóri og samgönguráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson klipptu á borða og áfangananum var fagnað, ekki síst af þeim sem um suðurhluta Austfjarða þurfa að aka í atvinnuskini.

Skæraberinn var Anna Jóna Eðvarðsdóttir frá Hvannabrekku í Berufirði en bærinn sést á bakvið hana.

Þingmenn fræddust um starfsemi Landssambands slökviliðs- og sjúkraflutningamanna

Þann 4 október sl. komu þingmenn til fundar við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, í bílageymslu stjórnstöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð, og kynntu sér starfsemi félagsins. Þetta voru Ari Trausti Guðmundsson, Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Steinunn Þóra Árnadóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Willum Þór Þórsson, Vilhjálmur Bjarnason og Ágúst Ólafur Ágústsson auk aðstoðarmanna.

Þegar þingmenn mættu tók á móti þeim bálköstur til undirstrika eiturefnin sem koma frá olíueldi og hversu mörg krabbameinsvaldandi efni sé í slíkum bruna. Þingmenn gátu skoðað tæki og tól fyrir fundinn og spjallað við slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og þeirra störf. Í lok fundar gafst þeim tækifæri á að taka þátt í reykköfun.

Kjaramál, aðbúnaður og öryggismál

Stjórnarmenn LSS voru með kynningar og umræður um þau málefni sem Landssambandið hefur verið sinna að undanförnu. Magnús Smári Smárason, formaður LSS fór yfir komandi kjarasamninga, starfslok, lífeyrisréttindi og önnur kjaramál, aðbúnað og öryggismál. Bjarni Ingimarsson, formaður krabbameinsnefndar LSS, fór yfir tíðni og stöðu krabbameinsmála á meðal slökkviliðsmanna. Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna fór málefni sjúkraflutninga og miðstöðvar bráðaþjónustu utan spítala, aukinnar menntun innan stéttarinnar og kaup á nýjum sjúkrabílum. LSS fagnar stefnumótunarvinnu heilbrigðisráðuneytisins um sjúkraflutninga til 2030 og vonast til að öll þessi sjónarmið rúmist þar inni. Einnig var samþykkt þingsályktunartillaga frá velferðarnefnd Alþingis í vetur sem aðstoðar við að ramma inn þennan málaflokk.

Steinþór Darri Þorsteinsson fór yfir málefni slökkviliðsmanna og þá óvissu sem fylgir því málaflokkurinn færðist á milli ráðuneyta um síðustu áramót og að eftirlitsaðilinn með málaflokknum sameinast Íbúðalánasjóði um næstu áramót. Endurskipuleggja þarf nám Brunamálaskólann og tengja hann og Sjúkraflutningaskólann við menntakerfið og fá það metið til eininga.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vonast til að þingmenn geti tekið upplýstari ákvörðun um málaflokkinn en fyrir fund.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttur, formaður Viðreisnar, að klæða sig í slökkvigalla og búa sig undir reykköfun.

Magnús Smári Smárson, formaður LSS við fána LSS.

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá 58.500 kr.

GODDI.IS
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

ÍBÚAR ÁRNESHREPPS FAGNA GERÐ HEILSÁRSVEGAR YFIR VEIÐILEYSUHÁLS

Íbúafundur haldinn í Félagsheimilinu í Trékyllisvík í Árneshreppi föstudaginn 16. ágúst sl. 2019 fagnar átaki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að rjúfa einangrun afskekktra byggðarlaga og nýta 30 milljarða í göng undir Fjarðarheiði. Fundurinn hvetur ráðherra til að nýta 0,7 milljarða króna í gerð heilsársvegar yfir Veiðileysuháls og stuðla þannig að því að rjúfa einangrun Árneshrepps þá þrjá mánuði á ári sem snjómokstri er ekki sinnt.

Áfram Árneshreppur!

Úthlutað hefur verið styrkjum til ellefu verkefna í Árneshreppi. Styrkina veitir Áfram Árneshreppur! sem er heiti sem heimamenn völdu á átakið Brothættar byggðir í sveitarfélaginu. Heildarupphæð styrkfjár verkefnisins fyrir árið 2019 er 7.000.000 króna auk 1.000.000 króna sem sem eftir voru frá fyrra ári, samtals 8.000.000 króna. Alls bárust tólf umsóknir og var ákveðið að veita ellefu þeirra styrkvilyrði.

Viðmiðunarþættir:

- Að verkefnið falli vel að meginmarkmiðum og starfsmarkmiðum verkefnisins
- Útkoma nýtist sem flestum
- Að verkefnið trufli ekki samkeppni
- Leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Áhrifa gæti fyrst og fremst í Árneshreppi
- Hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

Enn fremur er gengið úr skugga um að styrkhæfni verkefna sé í samræmi við reglur Byggðastofnunar um styrki í Brothættum byggðum.

Eftirfarandi verkefni hlutu styrkvilyrði:

Sleðaferðir á Ströndum 700.000 krónur, umsækjandi er Hótel Djúpavík.

Standsetning verslunarhúsnæðis 750.000 krónur. Umsækjandi er Verzlunarfjelag Árneshrepps ehf. sem rekur matvöruverslun í Norðurfirði.

The Factory 250.000 krónur. Umsækjandi er Emilie Dalum. The Factory er myndlistarsýning í gömlu verksmiðjuhúsnæði í Djúpavík.

Krossneslaug, aðstaða 700.000 krónur. Umsækjandi er Ungmennafélagið Leifur heppni. Krossneslaug er sundlaug í Norðurfirði sem vígð var árið 1954. Sótt er um styrk fyrir hönnun nýrra búningsklefa og aðstöðu fyrir umsjónamann við Krossneslaug.

Þjóðmenningarskólinn 700.000 krónur. Umsækjandi er Elín Agla Briem. Þjóðmenningarskólinn hlaut styrk í fyrra til að kaupa mongólskt tjald frá Kanada sem er komið norður í Árneshrepp. Sótt er um styrk til að reisa pall undir tjaldið í Nátthaganum á Seljanesi, vinna heimasíðu og gera lógó.

Hjólað í Djúpavík 500.000 krónur. Umsækjandi er Hótel Djúpavík. Í verkefninu felst að kaupa allt að 5 fjallahjól ásamt öryggisbúnaði.

Sveitaskólinn 300.000 krónur. Umsækjandi er Elín Agla Briem. Hugmyndafræði og starf Sveitaskólans í Árneshreppi miðar að því að kynna sveitina fyrir ungmennum, styrkja tengsl þeirra sem tengjast sveitinni en líka að bjóða fleirum að koma og kynnast sveitinni. Áhersla er lögð á menningu, sögu og verkmenningu er tengjast bústörfum, sjómennsku og matvælagerð.

Frisbígolf 1.200.000 krónur. Umsækjandi er Urðartindur.

Markaðssetning ferðaþjónusta í Árneshreppi 1.300.000 krónur. Umsækjandi er Arinbjörn Bernharðsson.

39 manns sóttu fundinn í Trékyllisvík í Árneshreppi og fögnuðu langþráðu samgönguátaki. / ljósmynd: Kristján Þ. Halldórsson.

Hlaðvarp 120.000 krónur. Umsækjandi er Sigurrós Elddís Huldudóttir. Markmið verkefnisins er að gera hlaðvarpsþætti á Vestfjörðum. Umsækjandi er ættuð úr Árneshreppi og vill leggja sérstaka rækt við hann. Styrkurinn er til tækjakaupa.

Aðstaða fyrir ferðamenn 1.480.000 kr Umsækjandi er Strandferðir ehf. Verkefnið gengur út á að setja upp smáhýsi í Norðurfirði sem aðstöðu fyrir ferðamenn ásamt bekk og borði til að geta tyllt sér niður.

MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRID

Nýir 2020 árgerð Verð kr. 4.580.000 skráður

Nú með leiðsögukerfi, rafstilltu bílstjórasæti og Webasto miðstöð og með appi í símann

- 2,4 lítra bensínvél 135 hestöfl + rafmagn
- Fjórhjóladrifnir
- Lyklalaust aðgengi og start
- Bakkmyndavél
- Snertiskjár
- Símkerfi
- Sæti 50/50 leður
- Hraðastillir
- Metalic lakk
- Þokuljós
- Start/stop Automatic
- Dekkjaþrýsti kerfi
- Leðurstýri
- 18" álfelgur
- Apple CarPlay
- Blátannabúnaður
- Aðgerðarstýri
- Hiti í framsætum
- USB innstungur
- Loftkæling 2 rása
- Regn- og ljósaskynjari
- Rafm. hitaðir speglar og aðfellanlegir
- Borðtölva
- Dráttarkúla aftengjanleg (kostar kr. 130.000 auka)
- 5 ára ábyrgð
- 8 ára ábyrgð á rafgeymum og hleðslu

Mercedes Benz 2858 Dráttarbíll

Árgerð 2015

Verð kr 9.950.000 + Vsk skráður

- 220.000 Km
- Sjálfskiptur Powershift 3
- Loftpúðafjöðrun aftan
- Retarder
- Big Space Kojuhús
- Olíumiðstöð
- 120 tonna dráttar geta
- Euro 6
- 578 hestöfl
- ASR
- Ískápur
- Tveggja drífa á nafdrifum
- Vel búinn bíll

Nú er gott að huga að því að panta Hobby hjólhýsi og húsbíla 2020 árgerð

bosal.is

Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson

bosal.is - Sími 777 5007 - Email: boas@bosal.is - Hafnargata 28, 710 Seyðisfirði

Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg þjónustu á sviði fjármála og viðskipta.

Grant Thornton

grantthornton.is

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

FORVARNIR GEGN FLUTNINGI SKAÐVALDA Á TJÁM MILLI LANDA

Forvarnir eru öflugasta vopnið gegn flutningi skaðvalda á trjám milli landa og heimsálfa. Litlar og dreifðar vísindastofnanir hérlendis rýra möguleika Íslendinga til öflugra rannsókna á þessu sviði en það má vega upp með efldu samstarfi, bæði innanlands og á norrænum vettvangi. Þetta var meðal þess sem fram kom á ráðstefnu NordGen um skógarheilsu í framtíðinni sem haldin var nýverið í Hveragerði.

Í upphafi ráðstefnunnar ávarpaði Lise Lykke Steffensen, forstjóri NordGen, samkomuna og ræddi mikilvægi norræns rannsóknarsamstarfs og hlutverk NordGen, ekki síst á sviði skóga og skógræktar. Inngangserindi ráðstefnunnar hélt breski skógfræðiprófessorinn Hugh Evans sem sagði forvarnir öflugasta vopnið gegn flutningi skaðvalda á trjám milli landa og heimsálfa. Mest sé hættan af innflutningi lifandi plantna í mold en einnig fylgi hætta innflutningi á óunnu timbri, sérstaklega með berki. Skaðvaldar geti sömuleiðis borist með öllum fólks- og vöruflutningum milli landa. Í þessu ljósi sé mikilvægt að huga að forvörnum og einnig að efla vöktun svo finna megi nýja skaðvalda svo fljótt sem mögulegt er. Þá sé líklegra að snúast megi til varna sem bera árangur.

Rætt var um sérstakt kerfi sem ætlað er að meta hættuna á innflutningi skaðvalda á barrviðum til Norðurlanda og mögulegri útbreiðslu þeirra þar. Kerfið á að greina hvaða skaðvöldum er mikilvægast að vinna gegn enda koma mjög margir skaðvaldar til greina og mikilvægt að vita hvað af þeim sé líklegast að geti borist til landanna og valdið skaða svo haga megi aðgerðum samkvæmt því. Miðað við önnur lönd hafa fáir skaðvaldar borist til Íslands sem herja á helstu nytjatrjátegundir landsins. Það þýðir þó ekki að Íslendingar geti andað rólega og aðgerðarlausir. Mikilvægt er að verjast innflutningi slíkra skaðvalda eins og kostur er, ekki síst með því að huga að innflutningsleiðum þeirra, hvort sem um það er með varningi, lítt unnum viði, fólki, farartækjum eða öðru.

Jørgen Eilenberg frá Hafnarháskóla ræddi um nýjar, ágengar tegundir sem gætu borist til landa Evrópusambandsins og fjallaði um áhættumat, varnir og mögulega notkun lífrænna varna.

Edda Sigurdís Oddsdóttir, skógvistfræðingur og sviðstjóri rannsóknasviðs Skógræktarinnar, sýndi áhugaverð kort sem sýna hversu mögulegt útbreiðslusvæði sitkagrenis á Íslandi gæti stækkað með hækkandi meðalhita. Kortin sýna að ef meðalhiti á landinu hækkar um fjórar gráður gæti sitkagreni vaxið nánast um allt Ísland. En tegundin hefur ekki einungis tækifæri heldur býr hún við ógnanir líka. Sitkalúsin sem herjar á sitkagrenið nýtur nefnilega líka góðs af hærri meðalhita. Nokkur von býr í náttúrlegum óvinum sitkalúsarinnar, segir Eda, s.s. maríubjöllum, fuglinum glókolli og sníkjuvespum. En hver verða áhrif hærri hita á þessa óvini lúsarinnar? Því er ósvarað.

Vaglaskógur í Fnjóskadal.

Pólar HESTAR

Hestaferðir

Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta
knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu.
Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.

www.polarhestar.is

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879
Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri
Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:
www.grenivik.is

IÐNAÐUR –
UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

BOLUNGARVÍK

BRÚNÁS innréttingar

ESKJA

FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA

SVN Síldarvinnslan hf

SI Samtök iðnaðarins

Sveitafélagið Vogar

V.L.F. HLÍF Verkalíðsfélagið Hlíf

STARFSEMI LÝÐSKÓLA FEST Í LÖG

Alþingi hefur stigið stórt framfaraskref í menntamálum með því að samþykkja ný lög um lýðskóla. Þetta er stór áfangi fyrir Lýðháskólanum á Flateyri sem nú mun fá heitið Lýðskólinn á Flateyri og einnig mun Lunga á Seyðisfirði njóta góðs af. UMFÍ hefur áformað að setja á stofn lýðskóla á Laugarvatni og njóta væntanlega að einhverju marki þess húsnæðis sem áður tilheyrði Íþróttakennaraskóla Íslands.

Lunga-skólinn á Seyðisfirði er fyrsti listalýðskólinn á Íslandi. Hann var stofnaður árið 2013 og eins og skólinn á Flateyri hefur hann reitt sig á sjálfaflafé, styrki og góðvild samfélagsins, segir Jonatan Jensen, skólastjóri og einn af stofnendum skólans. Í Lunga-skólanum er kennt á ensku og nemendur koma víða að. Skólinn hefur því leitað styrkja út fyrir landsteinana. Jonatan fagnar nýjum lögum og segir stærstu breytinguna líklega felast í því að nú verði hægt að skipuleggja starf skólans til framtíðar í stað eins árs í einu. Hann segir að sér sé létt og um leið sé hann spenntur yfir því að búið sé að festa í sessi þetta nýja og þarfa menntastig í landinu sem reynist vel fyrir bæði nemendur og samfélag.

AÐ TALA Í SÍMA ER EKKI HÁTÆKNISTARF!

Í umræðu um stóriðju er hugtakinu hátæknistörf oft flaggað og vísað til þess að fólk notar flókin tæki. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga, sem eiga ekki mikinn eða sterkan hátækniiðnað, að hugtök fari ekki á flot. Hátæknistarf er ekki athöfn sem styðst við mjög flókið tæki. GSM sími er mjög flókið tæki en það er ekki hátæknistarf að tala í síma eða senda skilaboð. Sama gildir um bifreiðar sem eru afar flóknar en krefjast ekki mikillar sérþekkingar eða nýsköpunar af bílstjórum sínum, jafnvel þvert á móti.

Hátækniiðnaður er ekki á allra færi og er afrakstur áratuga langskólanáms. Þegar fyrirtæki, sem kallar sig Íslenskur hátækniiðnaður, stefnir að byggingu olíuhreinsistöðvar má segja að um vísvitandi blekkingu sé að ræða. Að öllum líkindum yrði hönnun og smíði verksmiðjunnar ekki íslenskur hátækniiðnaður og ekki samsetningin heldur. Starfsemin myndi ekki krefjast mikillar menntunar eða sérþekkingar. Þannig eru aðeins fá störf í hverju álveri eða olíuhreinsunarstöð sem geta talist raunveruleg hátæknistörf. Þá er ekki verið að kasta rýrð á þau störf sem slík, aðeins að benda á að notkun orðsins ber keim af áróðurstækni og störf sem eru í eðli sínu afar einhæf og vélræn ættu ekki að falla undir þetta hugtak.

Hátækni er tækni þar sem ný vísindaleg og verkfræðileg þekking er nýtt. Oft er þá verið að framleiða alveg nýjar vörutegundir en stundum eru þekktar vörur framleiddar með nýjum efnum og aðferðum. Hátækniiðnaður er sá geiri atvinnulífsins sem þróar og jafnvel framleiðir þessar nýju vörur. Rannsóknir og þróun eru að jafnaði mjög stór hluti af starfsemi fyrirtækja í hátækniiðnaði. Dæmi um hátækniiðnað er framleiðsla tölvuíhluta og þróun lyfja.

Mjög mörg fyrirtæki nýta sér framleiðslu hátæknifyrirtækja í sinni eigin framleiðslu. Dæmi um slíkt eru ýmsir íhlutir í bílum svo sem stýritölvur margskonar og hröðunarnemar fyrir líknarbelgi. Allir hérlendis nýta hátækni á einn eða annan hátt. Gott dæmi um hátæknibúnað sem er í daglegri notkun eru íhlutir í farsímum.

Álframleiðsla er ekki hátækniiðnaður. Framleiðsluaðferðin er kennd við upphafsmenn sína; Bandaríkjamanninn Charles Martin Hall og Frakkann Paul Héroult sem fundu hana upp í sitt hvoru lagi árið 1886. Aðferðin hefur í grunninn ekkert breyst síðan. Olíuhreinsun er ekki heldur hátækniiðnaður. Framleiðsluaðferðin er hluteiming sem notuð hefur verið um aldir. Olíuvörur; bensín, dísilolía, smurolía o.s.frv. hafa verið framleiddar í stórum stíl úr jarðolíu síðan snemma á 20. öld.

„HANDVERK OG HÖNNUN“ HLÝTUR STYRK AF RÁÐSTÖFUNARFÉ RÍKISSTJÓRNARINNAR

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita 6 milljónum króna af ráðstöfunarfé sínu til verkefnisins „Handverk og hönnun. “ Markmiðið með styrknum er að stuðla að eflingu handverks og listiðnaðar hér á landi.

„Handverk og hönnun“ var í upphafi verkefni sem hrint var af stað af forsætisráðuneytinu árið 1994 en síðar rekið sem samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, og fjármagnað af þeim. Árið 2007 var „Handverk og hönnun“ gert að sjálfseignarstofnun og mennta- og menningarmálaráðuneyti falið að gera samning við hana um ráðstöfun rekstrarframlags, sem greiðast skyldi af fjárlögum hvers árs.

Markmið gildandi samnings er að stuðla að eflingu handverks og listiðnaðar, auka gæðavitund með ráðgjöf og upplýsingagjöf; auka skilning á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi; og kynna íslenskt handverk og íslenskan listiðnað.

„Handverk og hönnun“ hefur frá upphafi sinnt markaðs- og kynningarstarfi, námskeiða- og sýningahaldi, fræðslu og ráðgjöf og þjónar tugum ef ekki hundruðum smárra fyrirtækja eða einyrkja sem margir eru á landsbyggðinni og konur þar í meirihluta.

Þekkingariðnaði ruglað saman við hátækniiðnað

Þekkingariðnaði hefur stundum verið ruglað saman við hátækniiðnað. Hugtökin eru skyld og segja má að hátækniiðnaður sé þekkingariðnaður. Hugtakið þekkingariðnaður er hins vegar víðara. Segja má að það sé iðnaður þar sem bróðurpartur virðisaukans í framleiðslu fyrirtækisins er sérhæfð þekking. Besta dæmið um þekkingarfyrirtæki eru hugbúnaðarfyrirtæki. Slík fyrirtæki þurfa þó ekki að vera hátæknifyrirtæki ? nema þau noti nýjar aðferðir og/eða þrói nýja gerð hugbúnaðar. Annað dæmi um þekkingarfyrirtæki eru ráðgjafa- og verkfræðistofur.

Orkuframleiðsla og -dreifing er ekki þekkingariðnaður (og þaðan af síður hátækniiðnaður). Bróðurpartur virðisauka framleiðslunnar, þ.e. orkan, er búinn til með aðkeyptum tækjum (hverflum og rafölum). Þess ber þó að geta að sérfræðingar orkufyrirtækja búa oft yfir sérhæfðri þekkingu. Flest orkufyrirtæki kaupa að jafnaði þjónustu og ráðgjöf frá fyrirtækjum í þekkingariðnaði og búnað frá hátæknifyrirtækjum.

dk Pos afgreiðslukerfi
fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.
Við erum sérfræðingar í afgreiðslukerfum.

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

hugbúnaður

IÐNAÐARBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ

Auglýsingar: Sími 578 1190 og auglysingar@fotspor.is Ritstjórn: Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

JE vélaverkstæði á Siglufirði gaf VMA öfluga plasma-skurðarvél

JE vélaverkstæði á Siglufirði hefur fært málmiðnaðarbraut VMA að gjöf plasma-skurðarvél og kom starfsmaður fyrirtækisins í skólann og kenndi kennurum og nemendum á vélina. Þetta er afar höfðingleg gjöf og ómetanlegt fyrir skólann að fá slíkan stuðning fyrirtækis í greininni, sagði Hörður Óskarsson, brautarstjóri málmiðngreina í VMA.

Þessa plasma-skurðarvél fékk JE vélaverkstæði haustið 2016 og reyndist hún afar vel. Á síðasta ári ákvað fyrirtækið að kaupa nýja vél, í grunninn eins og þá eldri, en hún getur skorið stærri plötur. Fyrirtækið hefði getað selt tveggja ára gömlu vélina fyrir um tvær milljónir króna en Guðni Sigtryggsson, framkvæmdastjóri JE vélaverkstæðis, vildi frekar gefa hana til VMA í því skyni að efla kennslu og þjálfa nemendur í málmsmíði í VMA til þess að nota þessa tækni. Ljóst er að almennt átta flestir sig ekki á hversu gríðarlega mikinn tíma hún sparar fyrr en frið er að nota plasma-skurðarvél. Skurðarvélin opnar nýja möguleika í kennslu en afar mikilvægt er að gefa lengra komnum nemendum tækifæri til að tileinka sér bestu mögulegu tækni á þessu svið, sem öll stærri málmfyrirtæki hafa tekið í sína þjónustu.

Guðni Sigtryggsson, framkvæmdastjóri JE vélaverkstæðis, sem á fyrirtækið á móti Gunnari Júlíussyni, segir afar ánægjulegt að vélin komi að góðum notum í VMA. „Við hefðum vissulega getað selt hana fyrir um tvær milljónir króna en ég vildi frekar láta málmiðnaðarbrautina í VMA fá hana til að nota við kennslu. Sjálfur var ég í Vélskólanum á Akureyri og síðar Vélskólanum í Reykjavík og Iðnskólanum í Hafnarfirði á níunda áratugnum. Á þeim tíma fannst mér skorta að skólarnir væru búnir nýjasta tækjabúnaði þess tíma og því vantaði okkur nemendurna ákveðna kunnáttu þegar út í atvinnulífið var komið. Þegar ég hugsaði málið fannst mér að VMA þyrfti á þessari skurðarvél að halda og ég taldi rétt að styðja við námið á málmiðnaðarbrautinni með þessum hætti.

Ég veit að þar er unnið mjög gott starf og nemendum er fylgt vel eftir í náminu og út í atvinnulífið. Málmiðnaðarbrautin hefur verið að skila góðum nemendum og mér fannst einfaldlega að skólinn ætti þennan stuðning skilinn, ég er ánægður með að geta lagt mitt af mörkum með þessum hætti. Ég vonast til þess að vélin komi að góðum notum í náminu og það er mín ósk að hún verði óspart notuð því það er lítið gagn af slíkri vél ef hún er ekki notuð," segir Guðni Siggtryggsson.

JE vélaverkstæði er rótgróið fyrirtæki á Siglufirði, hét áður Vélaverkstæði Jóns og Erlings. Hjá fyrirtækinu starfa níu starfsmenn í smíði og ýmsum viðgerðum og til viðbótar starfa fjórir við viðhald báta en til nokkurra ára smíðaði fyrirtækið plastbáta. Allt landið er undir hjá fyrirtækinu en stór hluti verkefna þess eru á Siglufirði, m.a. tengd sjávarútveginum og hjá nýsköpunarfyrirtækjunum Primex og Genis.

Hörður Óskarsson brautarstjóri málmiðngreina, Kristján Kristinsson kennari málmiðngreina og Stefán Finnbogason kennari málmiðngreina við plasmaskurðarvélina.

VIÐ ÞEKKJUM VARAHLUTI OG ÞEIR ÞEKKJA OKKUR

Hágæða varahlutir | Bremsuhlutir | Gæðaolíur | Varta rafgeymar (Mikið úrval) | Brenderup kerrur

Osram perur | Verkfæri | Bónvörur | Lakk og rekstrarvörur | Rúðuþurrkur

7 verslanir um land allt Sími 535 9000

Bílanaust Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN DVERGSHÖFÐA 2, 110 Reykjavík, S. 535 9000 | Vatnagörðum 12, 104 Reykjavík, S. 535 9000 | Dalshrauni 17, 220 Hafnarfirði, S. 555 4800 | Hafnargötu 52, 230 Reykjanesbæ, S. 421 7510 | Hrísmýri 7, 800 Selfossi, S. 482 4200 | Furuvöllum 15, 600 Akureyri, S. 535 9085 | Sólvangi 5, 700 Egilsstöðum, S. 471 1244

www.bilanaust.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir | Sverrir Einarsson | Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.